

Fjármálaeftirlitið

Ársreikningur 2011

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda ennfremur lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu 1.642,7 m.kr. á árinu 2011. Aðrar tekjur námu 37,4 m.kr. og fjármunatekjur námu 24,3 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.613,0 m.kr. Tekjuafgangur ársins nam því 91,4 m.kr. Eignir í árslok 2011 námu samtals 385,0 m.kr. og skuldir 50,8 m.kr.


Eigið fé í ársbyrjun 2011 var jákvætt um 242,8 m.kr. og eigið fé í árslok 2011 var því jákvætt um 334,2 m.kr.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.


Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. júní 2012

Stjórn



Aðalsteinn Leifsson
formaður.



Ingibjörg Þorsteinsdóttir



Arnór Sighvatsson.

Starfandi forstjóri



Unnur Gunnarsdóttir

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins og efnahags- og viðskiptaráðuneytis

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 27. júní 2012



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2011

Tekjur	Skýr.	2011	2010
Tekjur af eftirlitsgjaldi	1	1.642.716.557	1.143.217.311
Aðrar tekjur	2	37.360.169	124.788.106
		<u>1.680.076.726</u>	<u>1.268.005.417</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	1.074.475.956	822.521.261
Úrskurðarnefndir	4	11.659.789	12.723.784
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	93.870.613	63.061.119
Ferða- og starfstengdur kostnaður	6	34.985.192	31.303.791
Aðkeypt sérfræðipjónusta	7	169.867.329	162.872.402
Rekstur tækja og áhalda	8	26.880.183	26.723.935
Annar rekstrarkostnaður	9	49.158.557	36.902.693
Húsnæðiskostnaður	10	79.714.665	66.437.068
Tilfærslur	11	130.975	147.275
		<u>1.540.743.259</u>	<u>1.222.693.328</u>
Eignakaup	12	72.211.644	10.582.375
		<u>1.612.954.903</u>	<u>1.233.275.703</u>
Rekstrarafgangur		67.121.823	34.729.714
Fjármunatekjur	13	24.253.126	19.383.860
Tekjuafgangur ársins		<u>91.374.949</u>	<u>54.113.574</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		174.052.920	91.903.206
Aðrar skammtímakröfur		7.416.898	8.414.554
Handbært fé		203.502.982	184.401.897
		<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>
Eignir alls		<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		242.852.961	188.739.387
Tekjuafgangur ársins		91.374.949	54.113.574
Eigið fé 15		<u>334.227.910</u>	<u>242.852.961</u>
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	14	3.570.457	5.418.748
Skammtímaskuldir		44.979.507	35.488.877
Aðrar skammtímaskuldir		2.194.926	959.071
Skuldir		<u>50.744.890</u>	<u>41.866.696</u>
Eigið fé og skuldir		<u>384.972.800</u>	<u>284.719.657</u>

Sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur ársins.....		91.374.949	54.113.574
Veltufé frá rekstri		<u>91.374.949</u>	<u>54.113.574</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun.....	(81.152.058)	81.481.223
Viðskiptaskuldir hækkun.....		10.726.485	(95.850.979)
	(<u>70.425.573)</u>	<u>(14.369.756)</u>
Handbært fé frá rekstri		20.949.376	39.743.818
 Fjármögnunarhreyfingar			
 <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi.....		1.642.716.557	1.143.217.311
Greitt úr ríkissjóði.....	(<u>1.644.564.848)</u>	<u>(1.123.618.561)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>1.848.291)</u>	<u>19.598.750</u>
 Hækkun á handbæru fé.....		19.101.085	59.342.568
 Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>184.401.897</u>	<u>125.059.329</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u><u>203.502.982</u></u>	<u><u>184.401.897</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtugerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð við greiðslu reikninga innan ársins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeysran er hjá Fjársýslu ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Framlög til Fjármálaeftirlitsins byggjast á mörkuðum tekjum, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt fjárlögum 2011 voru markaðar tekjur áætlaðar 1.419,1 m.kr. Þá voru sértekjur áætlaðar 14,0 m.kr eða samtals 1.433,1 m.kr. Gjöld vegna almenns rekstrar voru áætluð 1.341,0 m.kr. Áætlaður hagnaður var því 92,1 m.kr.

Samkvæmt fjárukalögum er áætlun um markaðar tekjur hækkuð um 212,9 m.kr. Áætlun um gjöld vegna almenns rekstrar eru hækkuð um 205,5 m.kr. og áætlun um sértekjur lækkuð um 7,5 m.kr. Samkvæmt fjárukalögum er því gert ráð fyrir 0,1 m.kr halla.

Samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum í heild voru markaðar tekjur áætlaðar 1.632 m.kr. Sértekjur voru áætlaðar 6,5 m.kr. Tekjur í heild voru því 1.638,5 m.kr. Gjöld samtals vegna almenns rekstrar voru áætluð 1.546,5 m.kr. og áætlaður hagnaður því 92,0 m.kr.

Í raun voru markaðar tekjur aðeins meiri en áætlað hafði verið eða 1.642,7 m.kr. Sértekjur urðu hins vegar miklum mun hærri en áætlað hafði verið eða 66,5 m.kr. Tekjur í heild urðu því 1.709,2 m.kr. Gjöld vegna almenns rekstrar urðu nokkuð hærri en áætlað hafði verið eða 1.617,8 m.kr. Hagnaður ársins var því 91,4 m.kr en áætlað hafði verið samkvæmt framansögðu að hagnaðurinn yrði 92,0 m.kr.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik
Eftirlitsgjald	(1.419.100)	(1.632.000)	(1.642.717)	10.717
Aðrar tekjur	(14.000)	(6.500)	(66.490)	59.990
Tekur samtals	(1.433.100)	(1.638.500)	(1.709.207)	70.707
Laun og launatengd gjöld	952.000	1.041.400	1.086.136	(44.736)
Önnur rekstrargjöld	379.500	464.500	459.353	5.147
Tilfærslur	6.400	6.400	131	6.269
Eignakaup	3.100	34.200	72.212	(38.012)
Gjöld samtals	1.341.000	1.546.500	1.617.832	(71.332)
Hagnaður ársins	(92.100)	(92.000)	(91.375)	(625)

Skýringar

Sundurliðanir

1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins jukust um 499,8 m.kr. á milli ára eða 43,7%.

2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur lækkuðu um 87,4 m.kr. milli ára eða um 70,1%. Mest var lækkun eða um 86,4 m.kr. á liðnum ýmsar tekjur en hann felst að stærstum hluta í endurgreiðslu á vinnu endurskoðenda og lögfræðinga í kjölfar hrunsins.

	2011	2010
Tekjur vegna úrskurðarnefnda	11.659.789	12.723.784
Ýmsar tekjur	25.700.380	112.064.322
	<u>37.360.169</u>	<u>124.788.106</u>

3. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun- og starfsmannakostnaður hækkaði um 252,0 m.kr. eða 30,6% á milli ára en að teknu tilliti til fjölgunar stöðugilda hækkaði hann um 8,5%. Stöðugildum fjölgaði um 17,7 og urðu 104,6 á árinu 2011 en 86,9 á árinu 2010. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna að fjárhæð 22,1 m.kr. eru meðtalin í framangreindum launakostnaði en þau hækkuðu um 7,6 m.kr. á milli ára eða 52,1%. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	543.571.448	429.916.398
Yfirvinna	246.395.321	178.654.707
Orlof	5.659.730	6.301.767
Aukagreiðslur	48.657.304	35.693.846
Önnur laun	9.018.545	7.291.938
Launatengd gjöld	203.041.879	155.064.089
Starfsmannakostnaður	18.131.729	9.598.516
	<u>1.074.475.956</u>	<u>822.521.261</u>

Skýringar

4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2012 varð 1,1 m.kr. eða 8,4% lækkun á kostnaði vegna úrskurðarnefnda. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir síðan kostnaðinn hjá váttryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða.

	2011	2010
Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, 540 mál	10.593.739	7.560.860
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 115 mál	1.066.050	5.162.924
	<u>11.659.789</u>	<u>12.723.784</u>

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 30,8 m.kr. á milli ára eða 48,9%. Mest var hækkun á afnota- og leyfisgjöldum eða um 36,5 m.kr. sem skýrist m.a. af kaupum á nýjum hugbúnaði og notendaleyfum vegna fjölgunar nýrra starfsmanna.

Afnotagjöld / leyfisgjöld	71.342.020	34.891.985
Skrifstofuvörur	3.479.702	10.280.479
Tímarit, blöð og bækur	1.775.627	3.119.333
Auglýsingar og kynningar	4.818.751	3.651.667
Símagjöld	8.361.529	6.545.264
Útgáfustarfsemi	1.669.495	3.757.485
Burðargjöld	2.366.589	814.906
Gjafir	56.900	0
	<u>93.870.613</u>	<u>63.061.119</u>

6. Ferða- og starfstengdur kostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður hækkaði um 3,7 m.kr. eða 11,8% á milli ára. Mest var hækkun á ferða- og dvalarkostnaði erlendis eða um 1,4 m.kr. eða 5%. Annar kostnaður er risna og félagsgjöld.

Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	28.581.796	27.215.530
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.242.017	409.877
Funda-, námskeiðs- og ráðstefnugjöld	1.615.529	1.560.419
Akstur	1.887.120	1.627.385
Annar kostnaður	1.658.730	490.580
	<u>34.985.192</u>	<u>31.303.791</u>

Skýringar

7. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Aðkeypt sérfræðipjónusta hækkaði um 7,0 m.kr. á milli ára eða 4,3%. Tölvu- og kerfisfræðipjónusta vegna hugbúnaðargerðar hækkaði um 13,2 m.kr. Hækkunina má að mestu rekja til aukinnar áherslu á hugbúnaðargerð og uppbyggingu sviðsins.

	2011	2010
Sérfræðipjónusta	125.188.908	131.351.396
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	44.678.421	31.521.006
	<u>169.867.329</u>	<u>162.872.402</u>

8. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður vegna reksturs tækja og áhalda hækkaði um 0,6% á milli ára. Rekstrarleiga tækja og búnaðar hækkaði um 3,5 m.kr. eða 17,9% á árinu. Á móti var um 4,6 m.kr. lækkun á liðnum viðgerðir og viðhald sem skýrist af hagkvæmari samningum.

Rekstrarleiga tækja og búnaðar	22.725.907	19.275.780
Smátæki og áhöld	3.947.530	2.683.564
Viðgerðir og viðhald	206.746	4.764.591
	<u>26.880.183</u>	<u>26.723.935</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samtals hækkar um 12,3 m.kr. á milli ára eða um 33,2%.

Máltíðir og matvæli	13.695.098	11.532.570
Hreinsun og gagnaeyðing	641.015	521.327
Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður	4.575.097	2.670.891
Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur	26.599.842	17.039.612
Bætur	0	1.970.000
Tapaðar kröfur	3.647.505	3.168.293
	<u>49.158.557</u>	<u>36.902.693</u>

Skýringar

10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 13,3 m.kr. á milli ára eða 20%. Húsaleiga hækkaði um 9,3 m.kr. sem skýrist m.a. af því að stofnunin er komin í stærra húsnæði og fyrir einn mánuðinn greiddi stofnunin húsaleigu fyrir bæði húsnæðin. Húsaleigan byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Um 7,5 m.kr. hækkun var á öðrum húsnæðiskostnaði á milli ára sem tengist flutningunum.

	2011	2010
Leigugjöld	51.501.457	42.167.945
Prif og sorphirða	6.599.607	6.095.319
Orka	2.479.271	1.872.026
Viðhald fasteigna	1.881.072	5.412.049
Öryggisgæsla	985.746	4.177.480
Annar húsnæðiskostnaður	12.438.198	4.890.856
Sameiginlegur húsnæðiskostnaður	3.829.314	1.821.393
	<u>79.714.665</u>	<u>66.437.068</u>

11. Tilfærslur

Tilfærslur námu um 0,1 m.kr., en þær voru styrkir til ýmissa félagasamtaka.

12. Eignakaup

Eignakaup hækkuðu um 61,6 m.kr. milli ára. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af kaupum á húsgögnum á árinu vegna endurnýjunar.

Tölvubúnaður	15.134.087	4.680.600
Húsgögn	50.359.707	4.151.465
Skrifstofubúnaður og önnur tæki	6.717.850	1.750.310
	<u>72.211.644</u>	<u>10.582.375</u>

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur	29.129.829	24.701.717
Fjármagnstekjuskattur	(2.942.696)	(3.687.201)
Vaxtagjöld	(1.934.007)	(1.630.656)
	<u>24.253.126</u>	<u>19.383.860</u>

Skýringar

Annað

14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð er neikvæð um 3,6 m.kr. í árslok 2011 en hún var neikvæð um 5,4 m.kr. í árslok 2010.

15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2011 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 334,2 m.kr. og hafði hækkað um 91,4 m.kr. frá árinu áður eða sem nam tekjuafgangi ársins.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2011	242.852.961
Tekjuafgangur	91.374.949
Höfuðstóll 31. desember 2011	<u>334.227.910</u>

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2011	2010	2009	2008	2007
Rekstur					
Rekstrartekjur	1.709.207	1.292.707	828.213	971.947	639.315
Rekstrargjöld	(1.545.620)	(1.228.011)	(1.178.629)	(1.065.510)	(596.077)
Stofnkostnaður	(72.212)	(10.582)	(7.688)	(14.798)	(4.486)
Tekjuafgangur	91.375	54.114	(358.104)	(108.361)	38.752
Ríkisframlag	0	0	18.500	549.000	0
(Tekjuhalli) /tekjuafgangur	<u>91.375</u>	<u>54.114</u>	<u>(339.604)</u>	<u>440.639</u>	<u>38.752</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	384.973	284.720	321.038	770.992	97.551
Eignir alls	<u>384.973</u>	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>	<u>97.551</u>
Höfuðstóll	334.228	242.853	188.739	528.344	87.705
Skammtímaskuldir	50.745	41.867	132.299	242.649	9.847
Eigið fé og skuldir alls	<u>384.973</u>	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>	<u>97.551</u>